Nokkuð er um hækkanir á gjaldskrám leikskóla

Verðlagseftirlit ASÍ kannaði breytingar á gjaldskrám leikskóla og fæði hjá 15 stærstu sveitarfélögum landsins frá 1. janúar 2013 til 1. janúar 2014. Átta sveitarfélög af 15 hafa ekki hækkað hjá sér gjaldskrána síðan í fyrra.
Fimm sveitarfélög hafa hækkað gjaldskrána á milli ára eða á árinu 2013 en það eru Hafnarfjörður, Akureyri, Akranes, Vestmannaeyjar og Fljótsdalshérað.

Mesta hækkunin á almennri gjaldskrá fyrir átta tíma vistun ásamt fæði, er í Vestmannaeyjum um 9,5% og Akranesi um 2%. Níu tíma vistun hefur einnig hækkað um 1-9%. Langmesta hækkunin, líkt og í 8 tíma vistun ásamt fæði, var í Vestmannaeyjum um 9%. Ekkert sveitarfélag hefur lækkað hjá sér gjaldskrána milli ára. Forgangshópar eru ekki undanþegnir gjaldskráhækkunum.

Fjarðarbyggð dró hækkun á leikskólagjöldum ásamt fæði til baka og er nú sama gjaldskrá og í fyrra.

8 tíma vistun ásamt fæði, almenn gjaldskrá

Mikill verðmunur er á hæstu og lægstu gjaldskrá sveitarfélagana fyrir 8 tíma vistun ásamt fæði. Hæsta gjaldið fyrir þessa þjónustu er 35.160 kr. í Garðabæ en lægst í Reykjavík 25.880 kr. sem er 9.280 kr. verðmunur á mánuði eða 36%. Mest hækkaði gjaldskráin í Vestmannaeyjum eða um 9,5% úr 31.213 kr. í 34.189 kr. eða um 2.976 kr. á mánuði og hjá Akranesi hækkaði gjaldið um 2,3% úr 32.278 kr. í 33.006 kr. en Hafnarfjörður og Akureyri hafa hækkað minna. Þau sveitarfélög sem ekki hafa hækkað gjaldskrá sína milli ára eru Reykjavík, Kópavogur, Skagafjörður, Árborg, Reykjanesbær, Seltjarnarnes, Ísafjörður, Fljótsdalshérað, Garðabær, Fjarðarbyggð og Mosfellsbær.



9 tíma vistun ásamt fæði, almenn gjaldskrá

Níundi tíminn er hjá flestum sveitarfélögunum með sér tímagjald og er oftast dýrari en hinar átta stundirnar á undan. Hæsta gjaldið fyrir 9 tíma vistun er hjá Fljótsdalshéraði en þar kostar mánuðurinn 44.010 kr. en lægsta gjaldið er í Skagafirði 32.706 kr. sem er 11.304 kr. verðmunur á mánuði eða 35%. Líkt og í 8 tíma vistun ásamt fæði, hefur Vestmannaeyjabær hækkað gjaldskrána mest eða um 8,9% á milli ára, gjaldið var 37.119 kr. en er nú 40.434 kr. sem er 3.315 kr. hækkun á mánuði. Hafnarfjörður hefur hækkað um 3,7% úr 36.768 kr. í 38.141 kr. og gjaldskráin á Akranesi hefur hækkað um 2,3% og Fljótsdalshérað um 1%. Þau sveitarfélög sem ekki hafa hækkað gjaldskrá sína fyrir níu tíma vistun ásamt fæði milli ára eru Reykjavík, Kópavogur, Skagafjörður, Árborg, Seltjarnares, Reykjanesbær, Ísafjörður, Garðabær, Fjarðarbyggð og Mosfellsbær. Akureyri er eina sveitarfélagið sem býður ekki upp á vistun í níu klukkustundir.



Forgangshópar

Allt að 75% verðmunur er á hæsta og lægsta mánaðargjaldi fyrir forgangshópa í 8 tíma vistun ásamt fæði, en lægsta gjaldið fyrir þessa þjónustu greiða foreldrar í Reykjavík 15.320 kr. en hæsta gjaldið greiða foreldrar í Reykjanesbæ eða 26.880 kr. Lægsta mánaðargjaldið fyrir forgangshópa í 9 tíma vistun ásamt fæði er einnig í Reykjavík 20.495 kr. en hæsta gjaldið er á Fljótsdalshéraði 35.146 kr. sem er 71% verðmunur. Systkinaafsláttur er mjög misjafn milli sveitarfélaga, frá 25-75% fyrir annað barn og 30-100% fyrir það þriðja, en aðeins er veittur afsláttur af gjaldi en ekki fæði.



Nánari upplýsingar um verð á dagvistun má sjá með því að smella *hér.*